



Viljayfirlýsing

Endurnýjun samninga um íþróttu og æskulýðsstarf á Akranesi

Íþróttabandalag Akraness og Akraneskaupstaður hafa um langt árabil átt í góðu og mikilvægu samstarfi á sviði æskulýðsmála, íþróttu- og afreksstarfs, almenningsíþróttu, rekstur íþróttamannvirkja og margskyns forvarna. Meginmarkmið þessa samstarfs er að skapa þróttmikið, heilbrigtr og gott samfélag fyrir börn og fullorðna og að í boði séu fjölbreytt tækifæri til að stunda íþróttir og æskulýðsstarf. Auk þess hefur um langt árabil verið lögð sérstök áhersla á aukna samvinnu skóla og íþróttahreyfingarinnar á Akranesi.

Nú liggur fyrir að hefja vinnu við að endurnýja samninga um íþróttu og æskulýðsstarf á milli Akraneskaupstaðar og Íþróttabandalags Akraness. Samningsaðilar eru sammála um að fylgja eftirfarandi markmiðum við samningagerðina:

- Að á Akranesi sé rekin íþróttu- og æskulýðsstarfsemi í fremstu röð á Íslandi
- Að stefnt sé að sölu á eignarhlut ÍA í mannvirkjum á Jaðarsbökkum
- Að iðkendur ÍA hafi fullan aðgang að íþróttamannvirkjum bæjarfélagsins án gjaldtöku
- Að Akraneskaupstaður finni framtíðarlausn á líkamsræktaraðstöðu fyrir afreksfólk í samstarfi við ÍA. Að ÍA og aðildarfélög hafi aðgang að félags- og skrifstofuaðstöðu fyrir sína starfsemi í íþróttamannvirkjum Akraneskaupstaðar, án gjaldtöku
- Að Akraneskaupstaður haldi áfram að að styðja við rekstur barna- og ungingastarfs aðildarfélaga ÍA og horft sé til árlegar hækkunar. Að lögð sé sérstök áhersla á áframhaldandi uppbyggingu íþróttamannvirkja á Akranesi á næstu árum
- Að lögð verði áhersla á samstarf skóla og íþróttafélaga ÍA á Akranesi
- Að lögð verði áhersla á fjölbreytt forvarna- og fræðslustarf í samstarfi ÍA og Akraneskaupstað

Unnið verður að gerð nýs samstarfssamnings á milli Akraneskaupstaðar og ÍA á næstu vikum og er stefnt að undirskrift fyrir 1. október 2018.

Akranesi 16. maí 2018

f.h. Akraneskaupstaðar

Seem Freyr Traínsson

f.h. ÍA

Marella Steinsd.